

HÚSÖNDIN

82.tbl. 2.árg.
16.október 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 17.-24. OKTÓBER

- 17.10 Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Hilda Kristjánsdóttir,
Baldur Fálki Daniélsson
- 18.10 Ásta Kristín Benediktisdóttir
- 19.10 Dóróthea G. Bin Örnólfsdóttir, Elmar Þór Rúnarsson
- 22.10 Sigurgeir Jónasson, Elín Steingrímsdóttir,
Sigurbjörn Reynir Björgvinsson
- 23.10 Jón Árni Sigfússon, Kornelia Szummy



Nýsköpun í norðri Tækifæri í dreifbýli Skútustaðahrepps

Boðað er til íbúafundar í Skútustaðahreppi. Fundurinn fer fram í Skjólbrekku kl. 20.30, mánudaginn 21. október n.k. Markmiðið með fundinum er að ræða tækifæri í dreifbýli Skútustaðahrepps og er fundurinn hluti af verkefninu Nýsköpun í norðri.

Nýsköpun í norðri er verkefni sem hrundið hefur verið af stað af hálfu sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Pingeyjarsveitar, m.a. í tengslum við sameiningarviðræður sveitarfélaganna. Markmið verkefnisins er að styrkja samkeppnishæfni svæðisins og vera á sama tíma í fararbroddi í baráttu við loftslagsbreytingar. Sveinn Margeirsson, bóndasonur og verkfræðingur mun stýra verkefninu.

Frekari upplýsingar veita

Sveinn Margeirsson, s: 680 6666 / sveinn.margeirsson@gmail.com
Sigurður Böðvarsson, Gautlöndum, s: 897 7811 / gautlond@simnet.is

SLÆGJUFUNDUR 2019

Fyrsta vetrardag, laugardaginn 26. október, verður hinn árlegi Slægjufundur haldinn í Skjólbrekku. Dagskráin hefst kl. 14.30 og er glæsileg að vanda – slægjuræðan, umhverfisverðlaun, leik- og tónlistarskólinn og sjálfur Vísinda-Villi koma þar við sögu. Ekki láta þetta tækifæri fram hjá þér fara!

Allir leggja til veitingar á misjafnlega hollt en ofsalega gott veisluborð og að sjálfsgöðu verður kaffi, te og djús á staðnum. Nemendur Reykjahlíðarskóla verða með kökubasar frá 13-14.

Sjáumst á Slægjufundi og gleðjumst í góðra vina hópi, nefndin.

SLÆGJUBALLIÐ

Er þér kalt? Komdu þá og dillaðu þér!

Hinir óviðjafnanlegu strákar í Gourmet koma og halda uppi óheyrilegu stuði að kveldi laugardagsins 26. október. Ballið hefst klukkan 23 og verður til 3.

Veigar eru á eigin ábyrgð – miðaverð 2.000 kr.

Ath. Ekki verður posi á staðnum

Takið daginn frá því þetta verður eftirminnilegt!

Matarskemman á Laugum

- lækkað verð og aðstoð við fullvinnslu afurða

Gjaldskrá

Frá og með 1. september 2019 lækkaði gjaldskrá Matarskemmunnar um 50% og verður sem hér segir fram til áramóta:

Heill dagur (12 tímar) kr. 10.000,-

Hálfur dagur (6 tímar) kr. 6.000,-

Þriggja tíma gjald kr. 3.500,-

Aðstoð til sjálfsbjargar

Á eftirfarandi dagsetningum verður Gyða Evertsdóttir kjötiðnaðarmaður til staðar í Matarskemmunni tilbúin að leiðbeina fólki og aðstoða það við að vinna kjöt sitt og ganga frá því í pakkningar.

Föstudaginn 25. og laugardaginn 26. október.

Föstudaginn 1. og laugardaginn 2. nóvember.

Vetrarforðinn

Á ofangreindum dagsetningum verður einnig boðið uppá þá þjónustu að koma með kjöt í Matarskemmunna og fá það fullunnið og frágengið fyrir veturinn skv. nánara samkomulagi.

Áhugasamir hafi samband í tölvupósti til Gyðu Evertsdóttur, sem jafnframt veitir frekari upplýsingar, á netfangið gydaeve@gmail.com

Matarskemman á Laugum

Viðburðadagatal Mývatnssveitar í október

23.október kl.20 - Stutt menningarspjall II/Kvikmyndakynning

24.október kl.17 - Góðar svefnavenjur- barna og fullorðinna

26.október kl.14:00 - Slægjufundur

Sjá nánar í viðburðadagatali á www.skutustadahreppur.is og www.visitmyvatn.is

Tæpitungulaust fyrirlestur 24.10.2019



GÓÐAR SVEFNVENJUR - barna og fullorðinna!



MÝVATNSSVEIT- REYKJAHLÍÐARSKÓLI KL.17:00
HÚSAVÍK - SALUR FRAMSÝNAR KL.20:30

Góður svefn er lykill að góðu andlegu jafnvægi. Sólveig Hlín Kristjánsdóttir, sérfræðingur í klínískri barnasálfræði mun fjalla um góðar svefnvenjur sem gætu hentað allri fjölskyldunni. Svefnleysi getur haft ólíkar birtingamyndir, m.a. ergelsi, eirðarleysi, syfju og skerta frammistöðu í daglegum verkefnum. Einföld svefnráð geta hjálpað til að stuðla að heilbrigðara lífni.

Aðgangur ókeypis- Allir velkomnir!



Skútustaðahreppur

Tillaga að deiliskipulagi vegna tengivirkis á Hólasandi

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 21. maí 2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi tengivirkis á Hólasandi í Skútustaðahreppi skv. 1. mgr. 41 gr. skipulaglaga nr. 123/2010.

Bygging tengivirkis á Hólasandi er hluti af framkvæmdum við Hólasandslínu 3, sem áætlað er að liggi á milli tengivirkis á Rangárvöllum á Akureyri og fyrirhugaðs tengivirkis á Hólasandi. Jafnframt munu núverandi raflínur milli Kröflu og Þeistareykja tengjast tengivirkinu.

Hólasandslína 3 verður hluti meginflutningskerfis raforku. Tilgangur Landsnets með byggingu línunnar er að auka flutningsgetu og bæta stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi, auka hagkvæmni í orkuvinnslunni með sterkari samtengingu virkjanasvæða og þjóna núverandi starfsemi á Norður- og Austurlandi auk þeirrar uppbyggingar sem reikna má með á næstu áratugum. Framkvæmdirnar eru einnig mikilvægar fyrir flutningskerfi landsins í heild sinni þar sem um er að ræða mikilvægan lið í styrkingu á veiku flutningskerfi utan suðvesturhornsins. Línan mun bæta afhendingaröryggi raforku til notenda á Norður- og Austurlandi.

Markmiðið er að uppbyggingin valdi sem minnstri röskun á umhverfinu til lengri og skemmri tíma.

Tillöguuppdráttir ásamt greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni frá og með föstudeginum 4. október til og með föstudeginum 15. nóvember 2019. Þá eru tillögurnar einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.skutustadahreppur.is> undir Skipulagsauglýsingar (efst á forsíðu).

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 15. nóvember 2019. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar innan tilskilins frests. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatni og/eða í tölvupósti á netfangið: gudjon@skutustadahreppur.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar teljast þeim samþykkir.

Guðjón Vésteinsson
Skipulagsfulltrúi

Guðsþjónustur og helgihald í Skútustaðaprestakalli til áramóta 2019

27.október. Guðsþjónusta í Reykjahlíðarkirkju klukkan 14:00

10.nóvember. Guðsþjónusta í Skútustaðakirkju klukkan 14:00

8.desember. (Sunnudagur) Fyrsti sunnudagur í aðventu.

Aðventukvöld í Reykjahlíðarkirkju klukkan 20:00

25.desember. Jóladagur. Hátíðarguðsþjónusta sóknanna í

Skútustaðakirkju klukkan 11:00

31.desember. Aftansöngur á Gamlaársdag í Reykjahlíðarkirkju

klukkan 17:00

1.janúar 2020. Hátíðarguðsþjónusta á Nýársdag í Skútustaðakirkju

klukkan 14:00. Messukaffi eftir guðsþjónustuna í Prestshúsi.

Ég minni á, að GSM-sími minn er 8602817 og að alltaf
er hægt að ná í mig!

Bestu kveðjur. Takk fyrir sumarið og gleðilegan vetur!
sr.Örnólfur



Kæru vinir. Þann 23. október verð ég níræður.

Af því tilefni verður opið hús í Víkurnesi
frá klukkan þrjú og til kvölds.

Ég vonast til að sjá ykkur.

Jón Árni